



Aldursflokkameistaramót Íslands 2022
AMÍ Reykjanesbæ 24. - 26. júní

Ágætu félagar,

Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi 2022 fer fram í Vatnaveröld Reykjanesbæ dagana 24. - 26. júní. Boðið verður upp á gistingu í Njarðvíkuskóla en skólinn er í 20 mín göngufæri frá sundlaug. Gæti verið að við bjóðum uppá skutl á milli á vissum tímum. Eins og venja er þegar boðið er upp á gistingu í skólum, þarf fólk að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur verður einnig afgreiddur í skólanum. Lokahóf fer fram í Stapanum sem er í göngufæri frá Njarðvíkurskóla.

Í boði eru eftirfarandi AMÍ pakkar:

Pakki #1 á 25.500kr

- Gisting frá fimmtudegi 23. Júní til mánudags 27. Júní (fyrir þá sem eru að koma langt að)
- Matur frá föstudagsmorgni til mánudagsmorgun.
- Lokahóf.
- AMÍ bolur.

Pakki #2 á 24.500.-

- Gisting frá og með föstudegi 24. júní til mánudags 27. júní.
- Matur frá föstudagshádegi fram til mánudagsmorguns 27. Júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Pakki #3 án gistingar aðfararnótt mánudags á 23.500.-

- Gisting frá og með föstudegi 24. júní til sunnudags 26. júní.
- Matur frá föstudagshádegi fram til sunnudags 27. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Gisti- og fæðispakkar standa einnig dómurum til boða.

Athugið að einnig verður hægt að kaupa stakar máltíðir og miða á lokahóf á meðan á móti stendur. Stakar máltíðir kosta 1.800.- og miði á lokahófið kostar 7.200 kr.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu berast í tölvupósti á netfangið gjaldkeri.sk@gmail.com fyrir **10. júní**. Skráningum skal skila á **meðfylgjandi eyðublaði** en þar þarf einnig að koma fram fjöldi bola í hverri stærð. Greiða þarf fyrir AMÍ pakkana **í síðasta lagi 19. júní**.

Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar verða afhentir frá 11:00-12:00 föstudaginn 24. Júní í skólanum og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka).

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á gjaldkeri.sk@gmail.com. Frekari upplýsingar um mótið munu birtast á heimasíðu SSÍ og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2022 þegar nær dregur mótinu. Þar verður settur inn matseðill og aðrar praktískar upplýsingar. Við hvetjum ykkur því til þess að fylgjast vel með á þessum miðlum. Einnig er hægt að senda almennar fyrirspurnir á mótisstjóra.

Hlökkum til að hitta ykkur á AMÍ 2022 í Reykjanesbæ

Sundkveðja

Sigurrós Antonsdóttir

Formaður sunddeildar UMFN.

Dagskrá:

(Ath! Tímaáætlanir gætu breyst)

Föstudagur 24. Júní.

Morgunmatur: 7:30-8:30 (fyrir þá sem koma á fimmtudegi)

Mæting liða í Njarðvíkurskóla og matarpassar afhentir: 11:00-12:00,

Hádegismatur :11:30-13:00,

-Mexikósúpa með nachosflögum, sýrðum rjóma og osti

Setning móts við Vatnaveröld 13:30,

Upphitun: 14:30,

Kvöldmatur :17:30- 19:30,

-Ítalskt lasagna, hrásalat og gróf brauðbolla

Laugardagur 25. Júní

Morgunmatur : 7:00-8:00, (hefðbundin morgunmatur m/grjónagraut)

Upphitun : 8:00-9:20

Mót: 9.30

Hádegismatur :11:30-13:00

-Asískar kjúklinganúðlur og gróf brauðbolla

Upphitun:14:30-15:50

15:45: Þátttökuverðlaun afhent fyrir karla 11 ára og yngri og kvenna 10 ára og yngri

Mót : 16.00

Kvöldmatur : 17:30-19:30

-Steikt Kjúklingalæri - home style með steiktum kartöflum og kokteilsósu

Sunnudagur 26. Júní

Morgunmatur :7:00-8:30

Upphitun :8:00-9:20

Mót :9:30

Hádegismatur :11:30- 13:00

-Sænskar kjötbollur með steiktum kartöflum og lauksósu

Upphitun: 14:30-15:50

Mót : 16:00

Lokahóf : 19:30-23:00

Mánudagur 27. Júní

Morgunmatur :7:30-9:00